

Álit kæruneftndar lausafjár- og þjónustukaupa

Hinn 7. maí 2014 gaf kæruneftnd lausafjár- og þjónustukaupa svohljóðandi álit í málinu nr. M-115/2013:

I

Álitaefni og kröfugerð

Hinn 17. desember sl. bað X, hér eftir einnig nefndur álitsbeiðandi, um álit kæruneftndar lausafjár- og þjónustukaupa vegna galla sem hann telur vera á bifreið, sem hann keypti af Y, hér eftir einnig nefndur seljandi. Álitsbeiðandi krefst þess að seljandi greiði sér skaðabætur.

II

Málsmeðferð kæruneftndarinnar

Með bréfi, dags. 27. desember sl., gaf kæruneftndin seljanda kost á andsvörum og bærust þau hinn 10. janúar. Með bréfi, dags. 20. janúar, var álitsbeiðanda gefinn kostur á að gera athugasemdir við andsvörin og bærust þær hinn 2. febrúar. Með bréfi, dags. 6. febrúar, var seljanda gefinn kostur á að koma að frekari andsvörum og bærust þau hinn 17. febrúar. Engin frekari gögn bærust nefndinni. Með bréfi, dags. 6. maí, var aðilum tilkynnt að kæruneftndin hefði tekið málið til afgreiðslu.

III

Málavextir og rökstuðningur álitsbeiðanda

Í álitsbeiðni og gögnum sem henni fylgdu kemur fram að hinn 25. júlí sl. keypti álitsbeiðandi bifreiðina xx-000 af seljanda fyrir kr. 2.150.000. Var bifreiðin af gerðinni Skoda Octavia, árgerð 2007, fyrst skráð 21. maí 2007 og við kaupin var bifreiðin ekin 77.300 km. Ráða má af gögnum málsins að í byrjun nóvember sl. hafi sjálfskipting bifreiðarinnar bilað með þeim afleiðingum að bifreiðin fór úr „park“ stillingu þar sem henni hafði verið lagt og rann á aðra bifreið. Skemmdust báðar bifreiðarnar nokkuð. Í kjölfarið var gert við sjálfskiptingu bifreiðarinnar og var kostnaður við þá viðgerð samtals kr. 368.995. Þá segir álitsbeiðandi að hann muni þurfa að greiða samtals kr. 185.000 vegna þess tjóns sem varð þegar bifreiðin rann á aðra bifreið. Álitsbeiðandi telur að sjálfskipting bifreiðar hans hafi verið haldin leyndum galla á kaupdegi hinn 25. júlí og gerir því þá kröfu að seljandi greiði honum skaðabætur, samtals að fjárhæð kr. 553.995. Í greinargerð, ritaðri af þeim aðila er framkvæmd viðgerð á sjálfskiptingu hinnar umþrættu bifreiðar, kemur fram að bifreiðin hafi verið til viðgerðar dagana 11. - 22. nóvember sl. og skipt hafi verið um einingar í sjálfskiptingu bifreiðarinnar sem setji skiptinguna í „park“ stöðu. Þá segir m.a. orðrétt: „Leiða má líkur að því að aðdragandinn að bilun í kassanum hafi allt eins orðið áður en núverandi eigandi keypti bifreiðina 25.7.2013 enda þá búið að aka bílnum 78.000 km.“ Meðfylgjandi álitsbeiðni var einnig afrit af reikningi vegna viðgerðarinnar og afrit af kaupsamningi og afsali.

IV

Andsvör seljanda

Í andsvörum seljanda kemur m.a. fram að seljandi telur að bifreiðin xx-000 hafi verið í fullkomnu lagi og vel við haldið þegar hann seldi álitsbeiðanda hana hinn 25. júlí 2013. Bifreiðin hafi verið rúmlega 6 ára gömul við söluna, ekin 77.300. Segir seljanda að í seinni hluta október sl. hafi álitsbeiðandi haft samband við hann og tjáð honum að eitthvað væri að

sjálfskiptingu bifreiðarinnar, þ.e. að einhver smellur hefði komið þegar verið var að bakka bifreiðinni og að augljóslega hefði eitthvað bilað í sjálfskiptingunni. Segir seljandi jafnframt að álitsbeiðandi hafi sagt honum að hann hefði ekið bifreiðinni til síns heima, lagt henni þar í bílastæðahús og síðan ætlað að aka bifreiðinni á verkstæði daginn eftir. Að kveldi sama dags hafi nágranni álitsbeiðanda hins vegar bankað uppá hjá honum og sagt honum að bifreiðin hefði runnið af stað í bílastæðahúsinu, tjónast og einnig tjónað aðra bifreið. Segir seljandi að hann hafi átt nokkur símtöl við álitsbeiðanda eftir þetta og þar hafi m.a. komið fram að álitsbeiðandi hefði fengið þær upplýsingar frá umboðsverkstæði að líklega hefði brotnað pinni í sjálfskiptingunni og að sá pinni hefði líklega brotnað vegna þjösnaskapar.

Seljandi segist hafa leitað bæði til Z og bifreiðaumboðsins A til að kanna stöðu sína í málinu, en A seldi honum bifreiðina í janúar 2013. Segir seljandi að það hafi verið samdóma álit framangreindra aðila að bilunin í sjálfskiptingunni yrði rakin til notkunar álitsbeiðanda. Bendir seljandi á að í þeim gögnum sem álitsbeiðandi hafi lagt fram kom fram að bilunin í sjálfskiptingunni hafi einmitt verið í þeim hluta skiptingarinnar sem setji hana í „park“ stöðu, en sá hluti sé í daglegu tali nefndur „parkpinni“. Telur seljandi að þær ályktanir sem dregnar séu í greinargerð þess aðila sem gerði við skiptinguna, um að bilunin í skiptingunni hafi líklega verið til staðar við sölu, séu getgátur og úr lausu lofti gripnar. Telur seljandi jafnframt að útilokað sé að um hafi verið að ræða leyndan galla. Þá hafnar seljandi með öllu greiðsluskyldu vegna afleidds tjóns, þ.e. tjóns sem varð vegna þess að bifreiðin rann á aðra bifreið. Bendir seljandi á að bifreiðin sé búin handbremsu og að notkun hennar hefði komið í veg fyrir hið afleidda tjón.

V

Athugasemdir álitsbeiðanda við andsvör seljanda

Í athugasemdum álitsbeiðanda við andsvör seljanda kemur m.a. fram að álitsbeiðandi telur að það sem seljandi hafi haft eftir starfsmönnum Z og A séu tilgátur einar. Þá ítrekar álitsbeiðandi að mun líklegra sé að eitthvað hafi verið að sjálfskiptingunni á kaupdegi líkt og fram hafi komið í greinargerð bifvélavirkjans. Sjálfskiptingin hafi bilað við það eitt að skipt var um gír þegar bifreiðin var kyrrstæð og því sé langlíklegast að um undirliggjandi vandamál hafi verið að ræða. Ítrekar álitsbeiðandi að tjón hafi orðið vegna bilunarinnar og að fyrir liggi að gera það mál upp svo allir geti verið sáttir.

VI

Frekari andsvör seljanda

Í frekari andsvörum seljanda kemur m.a. fram að ráða megi af athugasemdum álitsbeiðanda að ekki sé deilt um hvað hafi bilað í sjálfskiptingunni, þ.e. að svonefndur „parkpinni“ hafi brotnað. Þá bendir seljandi á að álitsbeiðandi hafi ekki mótmælt því að þjösnaskapur sé eina skýringin á því að umræddur pinni brotnaði. Ítrekar seljandi að hann telji að bifreiðin hafi verið í fullkomnu lagi á söludegi.

VII

Niðurstaða kærunefndarinnar

Kærunefnd lausafjár- og þjónustukaupa telur að ágreiningur álitsbeiðanda og seljanda falli undir valdsvið nefndarinnar, sbr. lög nr. 87/2006 um breytingu á lögum um lausafjárkaup, lögum um þjónustukaup og lögum um neytendakaup og 1. mgr. 7. gr. reglugerðar nr. 766/2006 um kærunefnd lausafjár- og þjónustukaupa. Ágreiningur aðila fellur undir lög nr. 48/2003 um neytendakaup.

Við afgreiðslu málsins hefur kærunefndin leitað aðstoðar sérfræðings, sbr. heimild í 2. mgr. 4. gr. reglugerðar nr. 766/2006.

Eins og að framan er rakið keypti álitsbeiðandi bifreiðina xx-000 hinn 25. júlí 2013 fyrir kr. 2.150.000. Er bifreiðin af gerðinni Skoda Octavia, árgerð 2007 og fyrsti skráningardagur hennar er 21. maí 2007. Bifreiðin var því rúmlega 6 ára á kaupdegi og hafði verið ekið 77.300 km þegar kaupin fóru fram samkvæmt því sem kemur fram í kaupsamningi og afsali.

Í kaupsamningi og afsali fyrir umþrættri bifreið, dags. 25. júlí 2013, segir m.a. eftirfarandi: „Ökutækið selst í núverandi ástandi sem kaupandi hefur kynnt sér og sætt sig við, en seljandi kann að vera ábyrgur gagnvart kaupanda vegna galla samkvæmt almennum reglum.“ Samkvæmt þessum ákvæðum kaupsamningsins falla kaupin á bifreið álitsbeiðanda undir 17. gr. neytendakaupalaga sem nær til sölu hlutar „í því ástandi sem hann er“ og sölu hluta á uppboði. Sala á notuðum hlutum fellur því alla jafna undir þessi lagaákvæði. Í 1. mgr. 17. gr. segir m.a.:

„Þótt söluhlutur sé seldur „í því ástandi sem hann er“ eða með öðrum áþekktum fyrirvara telst hann gallaður þegar:

- a. ástand söluhlutar er verra en neytandi hafði ástæðu til að ætla miðað við kaupverð og atvik að öðru leyti;
- b. fyrir liggja atvik sem lýst er í b- eða c-lið 1. mgr. 16. gr.“

Í 1. mgr. 16. gr. sem vísað er til í 17. gr. segir m.a. að söluhlutur teljist vera gallaður ef ákveðin atvik eða aðstæður eru fyrir hendi. Liðir b og c hljóða svo:

„b. seljandi hefur við kaupin vanrækt að gefa upplýsingar um atriði varðandi hlutinn eða not hans sem seljandi hlaut að þekkja til og neytandi mátti ætla að hann fengi upplýsingar um, enda megi ætla að vanrækslan hafi haft áhrif á kaupin

c. hann [söluhluturinn] svarar ekki til þeirra upplýsinga sem seljandi hefur við markaðssetningu eða á annan hátt gefið um hlutinn, eiginleika hans eða notkun nema seljandi sýni fram á að réttar upplýsingar hafi verið gefnar neytanda við kaupin eða að upplýsingarnar hafi ekki haft áhrif á kaupin.“

Þá segir ennfremur í 3. mgr. 16. gr. neytendakaupalaga að neytandi geti ekki borið neitt það fyrir sig sem galla sem hann vissi eða mátti vita um þegar kaupin voru gerð. Í framangreindum ákvæðum er kveðið á um upplýsingaskyldu seljanda og skoðunarskyldu kaupanda auk þess sem í a- lið 1. mgr. 17. gr. er kveðið á um það að söluhlutur sé gallaður þegar ástand hans er til muna verra en kaupandi hafði ástæðu til að ætla miðað við kaupverð og atvik að öðru leyti.

Í kaupsamningi og afsali kemur fram að álitsbeiðandi staðfestir að seljandi hafi vakið athygli hans á því að láta óháðan aðila meta ástand ökutækisins. Það mun álitsbeiðandi hins vegar hafa kosið að gera ekki. Engar haldbærar upplýsingar hafa komið fram um það hvort verð á bifreiðinni hafi á þeim tíma er kaupin fóru fram verið svipað og viðmiðunarverð á sambærilegum bifreiðum enda má segja að verð á bifreiðum á þessum aldri geti verið mjög mismunandi og farið m.a. eftir því hvernig bifreiðin lítur út og hvernig virðist hafa verið farið með hana.

Kærufnd lausafjár- og þjónustukaupa telur að ekkert bendi til þess að bifreiðin svaraði ekki til þeirra upplýsinga sem seljandi hafði gefið um hana, sbr. c-lið 1. mgr. 16. gr. Nefndin telur jafnframt vandséð að seljandi hafi vanrækt að gefa upplýsingar um atriði sem verulegu máli skiptu um bifreiðina, sbr. b-lið 1. mgr. 16. gr.

Stendur þá aðeins eftir mat á því hvort ástand bifreiðarinnar hafi verið mun verra en álitsbeiðandi hafði ástæðu til að ætla miðað við kaupverð og atvik að öðru leyti, sbr. a-lið 1. mgr. 17. gr. laganna. Svo sem rakið er að framan mun sjálfskipting hinnar umþrættu bifreiðar hafa bilað í lok október sl., þ.e. um 3 mánuðum eftir að kaupin fóru fram. Er biluninni lýst

nánar sem svo að íhlutir sjálfskiptingarinnar sem hafi þann tilgang að setja sjálfskiptinguna í „park“ stöðu hafi bilað. Skipt var um þessa hluti á verkstæði í nóvember sl. og nam kostnaður vegna viðgerðarinnar kr. 368.995. Á þeim tímapunkti hafði bifreiðinni verið ekið um 3.000 km frá kaupdegi. Telur álitsbeiðandi að undirliggjandi ástæður bilunarinnar hafi verið komnar fram þegar á kaupdegi og hafi bifreiðin því verið haldin leyndum galla. Seljandi hefur alfarið hafnað þess, telur bifreiðina hafa verið gallalaus á söludegi og að bilunin verið heldur rakin til notkunar álitsbeiðanda sjálfs á bifreiðinni.

Sem fyrr greinir var bifreið sú er um er deilt rúmlega 6 ára gömul og ekin um 80.000 km. Mátti álitsbeiðandi því búast við því að bifreiðin gæti þarfnast einhvers viðhalds og að upp gætu komið bilanir í henni og hinum ýmsu íhlutum hennar, svo sem sjálfskiptingu. Þá telur kærunefndin að álitsbeiðanda hafi, gegn mótmælum seljanda, ekki tekist að sýna fram á að sjálfskipting bifreiðarinnar hafi verið haldin galla á kaupdegi sem síðan leiddi til þess, þremur mánuðum eftir kaupin, að sjálfskiptingin bilaði. Er það því mat kærunefndarinnar að bifreiðin hafi ekki verið haldin galla í skilningi a-liðar 1. mgr. 17. gr. laganna eða í skilningi laga nr. 48/2003 um neytendakaup almennt. Verður því að hafna kröfum álitsbeiðanda.

VIII Álitsorð

Kröfum álitsbeiðanda, X, er hafnað.

Pétur Örn Sverrisson
formaður

Jón Rúnar Pálsson

Hildigunnur Hafsteinsdóttir